

11.5.2012

Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA) vill hér með koma á framfæri andmælum á 7. grein frumvarps til laga um Ríkisútvarpið. Við teljum þann hluta greinarinnar sem fjallar um að hlutfall skilaboða (auglýsingar / tilkynningar) á klukkustund megi ekki fara yfir 8 mínútur setja auglýsendum þröngar skorður og að ekki megi ganga lengra í því efni. Líta verður á RÚV sem upplýsingaveitu og þjónustu við almenning þar sem þetta er eina sjónvarpsstöðin sem allir landsmenn hafa aðgang að. Mikil eftirspurn er eftir auglýsingatímum á tímabilinu kl. 19.30-21 ("prime time"), þegar flestir eru að horfa. Nokkrir auglýsingatímar eru á þessu tímabili og ef einungis 12 mínútur (4+8) eru í boði fyrir auglýsendur á þeim tíma er hættu á að margir komi ekki skilaboðum sínum til almennings.

SÍA leggur til að hlutfall auglýsinga á klukkustund væri miðað við meðaltal á kvöldi, t.d. frá 19-23 og þá gætu auglýsendur átt meiri möguleika á að nýta sér þá tíma sem hafa mesta áhorfið. Við teljum þó að takmarkanir þurfi að vera til staðar á lengd auglýsingatíma og teljum það ekki auglýsendum í hag ef stakt auglýsingahólf fer yfir 6 mínútur.

SÍA telur það einnig slæmt að RÚV megi ekki slíta í sundur dagskrárliði með auglýsingum. RÚV hefur stillt slíku í hof hingað til og eingöngu slitið í sundur þá dagskrárliði sem vinsælastir eru. Þetta gefur enn og aftur auglýsendum færi á að ná til almennings og nú þegar stafrænt sjónvarp er að ryðja sér til rúms á íslenskum markaði verður það ennþá mikilvægara en áður að geta rofið dagskrárliði með auglýsingum, því auglýsingar á undan dagskrárliðum fylgja ekki með stafrænu áhorfi á þá.

Að lokum telur SÍA að mikilvægt sé að þrengja ekki frekar að reglum um auglýsingabirtingar á veraldarvefnum. Eins og frumvarpið er í dag teljum við það þjóna vel hagsmunum auglýsenda að auglýsingar fylgi með efni sem sýnt er/horft er á á vefnum enda trúum við að áhorf í gegnum vefinn eigi eftir að aukast enn frekar.

Það er hagur og réttur íslenskra neytenda að auglýsendur nái til viðskiptavina sinna með eins góðum og hagkvæmum hætti og kostur er hverju sinni. Þar skiptir máli að auglýsendur geti með nokkurri vissu gefið sér að auglýsingar í sjónvarpi berist til þeirra sem þeim er ætlað, en einnig og ekki síður að næg fjölbreytni ríki á auglýsingamarkaði til að eðlileg samkeppni þrífist. Þannig eru hagsmunir auglýsenda og neytenda best tryggðir.

Stjórn og fjölmiðlanefnd SÍA.